

Fundargerð 147. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2023, fimmtudaginn 8. júní kl. 13:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Helgi Arnarson, Helgi Grímsson, Kristín Jóhannsdóttir og Róslín Alma Valdemarsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Anna Ingadóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Sameiginlegt mál félagsþjónustu- og fræðslumálanefnda sambandsins.

1. **Aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi - 2302004SA**

Á árinu 2018 var samþykkt „Aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi“. Starfsemi embætti landlæknis fylgir áætluninni eftir m.a. með því að fylgjast með rannsóknum, vinna að fræðsluefni fyrir almenning og fagfólk og stuðla að vitundarvakningu um málaflokkinn.

Á fundinn mættu Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir verkefnastjóri Lýðheilsusviðs landlæknis og Wilhelm Norðfjörð sálfræðingur og fulltrúi í fagráði Embætti landlæknis og kynntu verkefnið í aðgerðaráætluninni, stuðning í kjölfar sjálfsvígs og samræmingu aðgerða um verklag sem snýr m.a. að:

- samfélaginu
- vinnustöðum
- skólum
- viðbragðsaðilum
- sveitarfélögum
- heilbrigðisstofnunum
- fjölskyldu, vinum og öðrum í kring

Óskað er eftir samtali og ráðgjöf frá félags- og fræðslumálanefndum sambandsins um útfærslu verkefnisins. sjá nánar <https://island.is/forvarnir-sjalfsviga>

Fræðslumálanefnd þakkaði Guðrúnu Jónu og Wilhelm fyrir áhugaverða og greinagóða kynningu á aðgerðaráætluninni.

Fræðslumálanefnd benti á mikilvægi þess að þær aðgerðir í áætluninni sem snúa að skólastarfi verði víkkaðar út og taki einnig til þeirra staða þar sem börn og ungmenni verja tíma sínum s.s. í frístundastarfi og félagsmiðstöðvum svo og í sértæku klúbba- og hópastarfi.

Áhersla var á mikilvægi samvinnu við skólastjórnendur, m.a. með samráði við skólastjórafélagið, svo og aðra þá stjórnendur sem stýra starfi með börnum og

fjölskyldum við útfærslu og eftirfylgni aðgerða samkvæmt áætluninni. Fræðsluefni, verklag og áætlanir verði unnar í samráði við fulltrúa framangreinda aðila og stofnanir ríkisins sem koma að þjónustu við börn s.s. Barna- og fjölskyldustofu til að byggja upp samræmt vinnulag og halda utanum þá vinnu sem hefur reynst vel í sveitarfélögum.

Starfsmenn á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins munu vera verkefnastjóra aðgerðaráætlunarinnar innan handar í samráði við sveitarfélögin.

Sameiginlegt mál félagsþjónustu- og fræðslumálanefnda sambandsins.

2. Heildstæð skólaþjónusta samráðsferli - 2301023SA

Samráðsferli stendur enn yfir við mótun heildstæðrar skólaþjónustu. Þátttakendur á vorþingi Grunns- Félags fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum sem haldið var í maí sl. tóku þátt í vinnusmiðju þar sem lagðar voru fram spurningar um hvernig þeir sjá fyrir sér hvaða verkefni falla undir skólaþjónustu og fyrirkomulag þeirra í heildstæðri skólaþjónustu á Íslandi.

Niðurstöður frá Vorþingi Grunns voru kynntar en unnið verður með þær inn í áframhaldandi samráðsferli við mótun heildstæðrar skólaþjónustu.

Rætt um nýjar hugmyndir sem kynntar voru á Samráðsfundi um nýtt lagafrumvarp - framtíðarskipan skólaþjónustu á Íslandi sem haldinn var 5. júní sl., um að sveitarfélög skipuleggi skólaþjónustu í nær umhverfi á svæðum sem verða lögbundin.

Fræðslumálanefnd bedir á að verkefnin, mótun heildstæðrar skólaþjónustu og vinnan við að setja á fót nýja stofnun sem fer með þjónustu, ráðgjöf og stuðning við skólastarf og skólaþjónustu, er ekki einfalt.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að ná heildarsýn yfir vinnuna og tengja betur við innleiðingu farsældarlaga.

Sameiginlegt mál félagsþjónustu- og fræðslumálanefnda sambandsins.

3. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna - innleiðing - 2210032SA

Innleiðing á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hófst formlega 1. janúar 2022 þegar löggin tóku gildi. Stöðumat innleiðingar.

SH fór yfir nokkra þætti í stöðumati á innleiðingu farsældarlaga.

Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) veitir þjónustuaðilum stuðning við innleiðingu laganna og hefur haldið fjölda funda með sveitarfélögum. BOFS er með ýmsar upplýsingar á heimasíðu sinni og hefur einnig sett af stað Farsældarskóla en þar eru rafræn námskeið fyrir tengiliði.

Frumkvöðlasveitarfélög innleiðingar farsældarlaga, Akranes, Akureyri, Árborg og Vestmannaeyjar, eiga samstarf sín á milli og er sambandið þátttakandi í því.

Háskóli Íslands býður upp á vðbótardiplómanám um farsæld barna. Markmið með náminu er að koma til móts við þarfir fólks, sem veitir börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu með áherslu á börn sem þátttakendur, þverfaglegt samstarf, teymisvinnu og málstjórn. Fyrsti hópurinn hefur verið útskrifaður og

verður boðið upp á þessa námsleið aftur næsta haust.

Jöfnunarsjóður hefur kynnt áætlun um framlög sjóðsins fyrir árið 2023 sem veita sveitarfélögum fjárhagslegan stuðning við innleiðingu farsældarlaga.

4. Samráðsfundir með mennta- og barnamálaráðherra 2019-2024 - 2009340SA

Sambandið og mennta- og barnamálaráðuneytið eiga reglulega samráðsfundi.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 15:00

Álfhildur Leifsdóttir

Helgi Arnarson

Helgi Grímsson

Kristín Jóhannesdóttir

Róslín Alma Valdemarsdóttir